



Dómsmálaráðuneytið
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík 14. febrúar 2018

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um drög að breytingu á reglugerð um útlendinga.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um drög að breytingu á reglugerð um útlendinga

Barnaheill – Save the Children á Íslandi þakka fyrir tækifærið að skila inn umsögn um ofangreinda breytingatillögu að reglugerð um útlendinga.

Barnaheill taka undir þau sjónarmið sem koma fram í breytingatillögunum, sérstaklega er varðar kaflann um sérviðmið um börn og ungmenni. Það er þó mikilvægt að eftirfarandi sé haft í huga við allar umsóknir barna um alþjóðlega vernd, búsetuleyfi, umsóknir um íslenskt ríkisfang og hvaðeina annað sem varðar umsóknir barna af erlendum uppruna um þjónustu eða réttindi hér á landi.

Stjórnvöldum á Íslandi ber að líta á málefni barna og barnafjölskyldna, sem leita alþjóðlegrar verndar eða sækja um dvalarleyfi af mannúðarástæðum, fyrst og fremst út frá réttindum barnanna. Stjórnvöldum ber að taka allar sínar ákvarðanir er varða börn í slíkum aðstæðum með það sem er barninu fyrir bestu að leiðarljósi.

Samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sbr. lög nr. 19/2013, er Íslandi skylt að virða og tryggja hverju barni innan sinnar lögsögu þau réttindi sem sáttmálinn kveður á um, án nokkurrar mismununar. Ekki má mismuna eftir þjóðerni, þjóðháttum eða félagslegri stöðu eða öðrum aðstæðum barna eða foreldra þeirra eða lögráðamanna.

Sömuleiðis er skylt að gera allar viðeigandi ráðstafanir til að sjá til þess að barni sé ekki mismunað eða refsað vegna stöðu eða athafna foreldra þess, lögráðamanna eða fjölskyldumeðlima, eða sjónarmiða sem þeir láta í ljós eða skoðana þeirra. Ennfremur er mikilvægt að meta mál barna út frá réttindum þeirra sjálfra en ekki foreldra þeirra einungis. Barnið á sjálfstæð mannréttindi.

Barnaheill benda á mikilvægi þess að börn sem fá alþjóðlega vernd á Íslandi, njóti þeirrar verndar áfram þrátt fyrir að ná 18 ára aldri. Börn skulu ekki eiga á hættu að vera send úr landi fyrir það eitt að verða fullorðin.

Börn skulu ávallt fá þjónustu við hæfi, leiðsögn á tungumáli sem þau skilja, húsnæði við hæfi í öruggu og barnvænu umhverfi, aðgang að heilbrigðisþjónustu, menntun og annarri grunnþjónustu án tafar.

Barnasáttmálinn gildir um öll börn sem eru stödd á yfirráðasvæði Íslands. Líka þau börn sem hingað flýja, með eða án foreldra, sem og þau börn erlendra foreldra sem fæðast hér á landi og sækja um alþjóðlega vernd eða dvalarleyfi.

Til þess að stjórnvöld geti tekið ákvarðanir sem eru börnum fyrir bestu þurfa þau að veita og meta möguleg áhrif þeirra á líf barna í nútíð og framtíð, með hliðsjón af öðrum ákvæðum Barnasáttmálans, svo sem um rétt barna til að lifa og þroskast við bestu mögulegu aðstæður. Þá er sérstaklega mikilvægt að veita börnum tækifæri til að tjá sig og taka tillit til sjónarmiða þeirra, í samræmi við aldur þeirra og þroska.

Í 22. grein sáttmálans segir: „*Aðildarríki skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að barn sem leitar eftir réttarstöðu sem flóttamaður, eða sem talið er flóttamaður samkvæmt viðeigandi reglum og starfsháttum þjóðaréttar eða landslaga, fái, hvort sem það er í fylgd foreldra eða annarra eða ekki, viðeigandi vernd og mannúðlega aðstoð við að nýta sér þau réttindi sem við eiga og kveðið er á um í samningi þessum og öðrum alþjóðlegum löggerningum á sviði mannréttinda- eða mannúðarmála sem ríki þau er um ræðir eiga aðild að.*“

Barnasáttmálinn hefur verið lögfestur hér á landi. Ber því stjórnvöldum að fylgja ákvæðum hans þegar teknar eru ákvarðanir um það hvort veita eigi barni eða barnafjölskyldum alþjóðlega vernd eða dvalarleyfi hér á landi. Sama á við þegar teknar eru ákvarðanir um brottvísun barna og fjölskyldna þeirra úr landi og framkvæmd slíkra gerða. Of mörg dæmi eru um það hér á landi að réttindi barna í hælismeðferð séu virt að vettugi.